



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfisráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Reykjavík 23. ágúst 2021

Undirbúningur að uppfærðri landsskýrslu um innleiðingu Árósasamningsins

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að lítið hefur fréttst af framkvæmd Árósasamningsins síðan Jonas Ebbeson heimsótti landið í mars 2018. Aðgerðaáætlun var kynnt í janúar 2019 eða nær ári eftir að „[Óskað eftir umsögnum um skýrslu um stöðu innleiðingar Árósasamningsins.](#)”

Varðandi aðgerðaáætlunina

Undir lið I. menntun og fræðsla um Árósasamninginn eru nefnd atriði frá c. til h. Hvernig var framkvæmdin og hvernig tókst hún?

Varðandi lið II: í aðgerðaáætluninni, *Fyrsta stoð Árósasamningsins: Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál* er vert að benda á að löggjöf um aðgengi að upplýsingum um umhverfismál er framsækin. Á hinn bóginn er nánast vonlaust fyrir samtök eins og okkar að sækja mál til úrskurðanefnda um upplýsingamál. Til þess þarf oftast en ekki aðstoð lögmennsskrifstofu og lögmenn í sjálfböðavinnu er sjaldséðir gestir á skrifstofu náttúruverndarsamtaka. Gjafsókn er nánast útilokuð fyrir frjáls félagasamtök. Þar með verður yfirburðastaða hagsmunaaðila á borð við Landsvirkjun eða SFS nær algjör.

Ennfremur, að sækja verður allar upplýsingar sem ekki koma fram á vefsíðu UAR. Eru fundargerðir starfsmanna ráðuneytisins með fulltrúum hagsmunaaðila aðgengilegar? Hvernig á að afla upplýsinga sem engin veit að eru til?

III. Önnur stoð Áróssamningsins: Þátttaka almennings í ákvarðanatöku í málum er varða umhverfið

Slíkt kostar mjög mikla vinnu. Af rekstrarstyrk að upphæð kr. 6.660.000 var tiltekið að 160 þúsund krónur væru veittar vegna „þátttöku fulltrúa samtakanna í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.” Það gera rúmlega 13 þúsund kr. á mánuði.

Ráðherra ætti að íhuga *grundigt* á hvern hátt loftslagsráð styrkir ráðuneytið í að framfylgja ákvæðum Áróssamningsins. Atvinnulífið fékk Grænvang en hvað fékk almenningur?

Varðandi

Aðgerð 5: Aukin fjárframlög til umhverfisverndarsamtaka. Markmið: Auka fjárframlög til umhverfisverndarsamtaka. Lýsing: Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. Áróssamningsins skulu aðildarríki styðja með tilhlýðilegum hætti samtök sem vinna að umhverfisvernd. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur í þessu skyni m.a. úthlutað rekstrarstyrkjum til frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála, nú síðast var 13,4 milljónum úthlutað til 18 samtaka vorið 2018. Nú er stefnt að hækkun þessara fjárframlaga og ætti það meðal annars að stuðla að aukinni þátttöku þeirra í ákvarðanatöku í málum er varða umhverfið. Lagt er til í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 að ráðuneytið úthluti 20,4 milljónum í rekstrarstyrki og stefnt að 31,4 milljónum króna fjárframlagi árið 2020. Tími: 2019-2020. Kostnaður: 18 millj. (7 millj. aukning 2019 og 11 millj. aukning 2020). Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Náttúruverndarsamtök Íslands draga í efa að framlög til umhverfisverndarsamtaka hafi verið aukin að ráði enda fór rúmur helmingur þeirra liðlega 100 milljónum sem veittar voru á þessu ári til verkefnastyrkja, sem sum hver voru tæpast á vegum frjálsra félagasamtaka. Verðug verkefni, sjálfsagt, en falla tæpast undir framkvæmd Áróssamningsins.

Náttúruverndarsamtök Íslands gera þá athugasemd er með því að hafa yfir helming styrkja til verkefnd skilyrtan með verkefni leggur ráðherra sig í hvað frjáls félagasamtök aðhafast. Slíkt styrkir ekki framfylgd ákvæða Áróssamningsins.

Nefnd er:

Aðgerð 7: Úttekt á áhrifum þáttökustofnunarinnar á ákvarðanatöku. Markmið: Meta áhrif þáttöku almennings og félagasamtaka á ákvarðanatöku í skipulags- og framkvæmdaverkefnum. Lýsing: Úttekt á árangri af þáttöku almennings og félagasamtaka við endanlega ákvarðanatöku í skipulags- og framkvæmdaverkefnum sem og könnun á því hvernig staðið er að samráði af hálfu framkvæmdaraðila og sveitarfélaga og hver skilningur þeirra sé á samráði í mótunarferli viðkomandi skipulags- og framkvæmdahugmynda. Tími: 2018-2019. Kostnaður: Þarf að meta sérstakleg

Var þetta gert?

Nefnd er aðgerð:

Aðgerð 9: Bætt þáttökuréttindi almennings og umhverfisverndarsamtaka. Markmið: Greining á löggjöf með það að markmiði að auka þáttöku almennings og umhverfisverndarsamtaka í ákvörðunum er varða umhverfið. Lýsing: Greining á löggjöf og framkvæmd til að kanna hvar sé gert ráð fyrir aðkomu almennings og umhverfisverndarsamtaka og hvernig hægt sé að auka hana og gera hana árangursríkari með það sérstaklega að markmiði að huga að samráði á fyrri stigum mála. Verkefnið verður unnið sem hluti af endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Tími: 2019. Kostnaður: Innan fjárheimilda. Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Var þetta gert?

IV. Þriðja stoð Árósasamningsins: Aðgengi að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum

Innleiðing á Árósasamningnum í íslensk lög var gert með afar veikum hætti hvað þetta varðar. Það helgaðist af andstöðu hagsmunaaðila við að frjálsum félagasamtökum fengju aðgang réttarræðum, til dæmis að sækja mál fyrir dómi. Þá var farin sú leið að stofna úrskurðarnefndir.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úrskurðaði gegn laxeldi í sjó – í þágu umhverfisins. Þá voru sett neyðarlög á Alþingi. Hvernig getur þessi framganga umhverfis- og auðlindaráðherra staðist ákvæði Árósasamningsins?

Náttúruverndarsamtök Íslands telja einsýnt að með innleiðingu Árósasamningsins hafi réttarstaða samtaka almennings um umhverfismál veikst. Fyrir 2011 gátu samtök kært niðurstöður stjórnvalds til dómstóla. Nú er það ekki hægt. Vill ráðherra breyta þessu?

Nefnd er:

Aðgerð 12: Ákvæði 2. og 4. mgr. 9. gr. Árósasamningsins. Markmið: Að tryggja að íslenskur réttur sé í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 9. gr. Árósasamningsins. Lýsing: Greina innleiðingu 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins og framkvæmd hér á landi með hliðsjón af framkvæmd eftirlitsnefndar samningsins og Evrópudómstólsins með það að markmiði að metið verði hvort opnað verði fyrir hvoru tveggja, stjórnsýsluleið og dómstólaleið. Jafnframt verði aðgangur umhverfisverndarsamtaka að dómstólum hér á landi og í nágrannalöndum kortlagður. Einnig verði kannað hvort almenningur og umhverfisverndarsamtök geti fengið gjafsókn vegna reksturs umhverfisverndarmála fyrir dómstólum. Að úttekt lokinni verður skoðað hvernig best sé að undirbúa breytingar á löggjöf ef við á. Tími: 2019. Kostnaður: Þarf að meta sérstaklega. Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Hefur einhver frétt af framkvæmdinni?

Varðandi aðgerð 13, minnir undirritaðan að úrskurðarnefndir hafi verið styrktar en tæpast lögin sem þær hafa að vinna eftir. Það er jákvætt.


Nefnd er aðgerð 14:

Heimildir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Markmið: Kanna heimildir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og hvort því verður við komið í þeim tilfellum þar sem það á við. Lýsing: Samkvæmt lögum nr. 21/1994, um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, geta einungis dómstólar hér á landi óskað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á EES-samningnum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur kveðið upp nokkra úrskurði þar sem því hefur verið hafnað að leita ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólum. Í framkvæmd hefur EFTA-dómstóllinn túlkað heimildir til að leita ráðgefandi álits með víðtækum hætti og er því rétt að skoða hvort sjálfstæðar kærunefndir

hér á landi, eins og til dæmis úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, geti nýtt sér þessa leið, og ef ekki hvernig því verði við komið í þeim tilfellum þar sem það á við. Tími: 2019. Kostnaður: Innan fjárheimilda. Ábyrgðaraðli: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Hefur þetta komið til framkvæmda? Væri ekki betra að náttúruverndarsamtök öðluðust rétt til að krefjast þess að dómstólar leituðu ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.? Það er réttarræði fyrir almenning. Ekki að úrskurðarnefndir fái heimild til þess arna. Enda, til hvers ættu þær að gera það?

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in green ink, appearing to read 'Árni Finnsson', enclosed in a thin black rectangular border.

Árni Finnsson